

# Latína í 5. bekk formáladeild (LATÍ2FO13)

## skólaárið 2019 – 20

### Lýsing

Kenndar eru sex stundir á viku. Farið er rækilega í helstu atriði beyginga- og setningafræðinnar. Lesnir eru meðalþungir kennslubókartextar og frumtextar á síðara misseri. Textar eru þýddir nákvæmlega, greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega og fjallað um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lesefni.

### Námsefni

- 1) Oxford Latin Course III. Lesnir verða kaflar 34 – 54, **fyrri hluti** texta nema annað sé tekið fram.
- 2) Caesar de bello Gallico I 1 – 12 (á vormisseri)
- 3) Ítarefni frá kennara

### Námsmat

**Vikulegar skriflegar æfingar** verða á **þriðjudögum 14:25 – 15:05**. Á haustmisseri verða skrifaðir stílar í tengslum við námsefni hverju sinni. Engin hjálpargögn leyfð. Á vormisseri skiptast á ólesnar þýðingar og stílaskrif. Nemendur þurfa að hafa orðabók meðferðis í ólesnar þýðingar **eftir áramót** (Cassell's Latin Dictionary).

**Tvö kaflapróf** verða á hvoru misseri, 90 mínútur hvert. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Jólapróf** í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Vorpróf** í maí úr námsefni vormisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Námseinkunn** byggir á þremur þáttum sem vega jafnt: a) meðaltali stíla og ólesinna þýðinga, b) meðaltali kaflaprófa og c) ástundun (mætingu skv. einkunnatöflu í skólaári og heimavinnu og virkni í tímum)

Bekkurinn vinnur eitt stórt hópverkefni á skólaárinu sem felst í útgáfu **Latínublaðsins Idus Martii þann 15. mars 2020**.